


Sveitarfélagið Vogar  
Eirný Vals,  
Bæjarstjóri  
Iðndal 2  
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20111000006/ksj

## Lýsing fyrir deiliskipulag Flekkuvíkur, iðnaðarsvæði. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Voga er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu fyrir tillögu að deiliskipulagi Flekkuvíkur í Sveitarfélaginu Vogum.

### Iðnaðarsvæði í Flekkuvík

Landsvæðið í Flekkuvík þar sem áætlað er að byggja upp iðnaðarsvæði, er í dag óbyggt svæði úr jörðunum Flekkuvík 1 og 2 sem eru í eigu ríkisins. Iðnaðarsvæðið er um 100 ha staðsett norðan Vatnsleysustrandarveggar og að strönd milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu. Ofangreint svæði hefur ekki verið deiliskipulagt en Flekkuvík er eyðijörð og á henni standa 2 óíbúðarhæf íbúðarhús.

Í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er listi yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ofangreindum lögum. Þar kemur fram í lið 1. a í 2. viðauka að: „*Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.*“ Breytingin sem felst í ofangreindri deiliskipulagstillögu að taka landareign í dreifbýli alls 100 ha undir iðnaðarsvæði er því tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

### Stórskipahöfn


Í lýsingu deiliskipulags í landi Flekkuvíkur kemur fram að gert er ráð fyrir stórskipahöfn í Flekkuvík, sem komi til með að þjónusta fyrirhugað iðnaðarsvæði við Flekkuvík. Eins og fram kemur í lýsingu eru hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.


## Náttúruminjar

Ofangreint svæði í landi Flekkuvíkur er ekki á verndarsvæði en Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd eru nútímahraun undir sérstakri vernd sbr. 37. gr. laganna og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Umhverfisstofnun gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við lýsingu fyrir deiliskipulagstillögu iðnaðarsvæðis í Flekkuvík.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun